



**Aðalfundur
Ungmennafélagsins Aftureldingar 2018**

Haldinn í Krikaskóla í Mosfellsbæ þann 20. mars 2018

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Ársskýrsla formanns
4. Ársreikningur 2017
5. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar 2018
6. Lagabreytingar
7. Heiðursviðurkenningar
8. Kosningar:
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varamanns
 - c. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar
 - d. Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda
9. Önnur mál og ávarp gesta
10. Fundarslit

1. Fundarsetning

Framkvæmdarstjóri, Jón Júlíus Karlsson bauð fundargesti velkomna til fundarins. Dagný Kristinsdóttir setur fundin kl 18.00. Lagði hún til að Sigurbjörn Grétar Eggertsson yrði kjörinn fundarstjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir fundarritari.

2. Kosninga fundarstjóra og fundarritara

Samþykkt var með lófataki að Sigurbjörn Grétar Eggertsson yrði kjörinn fundarstjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir fundarritari

3. Skýrsla formanns

Fundaritari kynnir Dagnýju formann í pontu. Formaður flutti skýrslu formanns fyrir liðið starfsár sem lá frammi á fundinum í ársskýrslu félagsins. Kom fram í máli hennar að aðalstjórn hafi fundað tólf sinnum á árinu og formannafundur hefðu verið tveir, einnig fundaði aðalstjórn með stjórnnum allra deilda. Breytingar hafa orðið á skrifstofu, Jón Júlíus hóf störf sem framkvæmdarsjóri félagsins í janúar. Hanna Björk Halldórsdóttir var ráðin í starf íþróttafulltrúa og hóf hún störf í maí. Óvenjumörg umfangsmikil mál hafa verið í deiglu á liðnu starfsári. Má þar helst nefna starfsdag félagsins, stefnumótun, umræða og samningaviðræður vegna knatthúss. Mikil ánægja með starfsdaginn sem er kominn til að vera hjá félaginu. Mikill metnaður er hjá félaginu að gera betur ár hvert. Unnið er að endurmenntunaráætlun félagsins.

Gróska í starfi deildanna hélt áfram. Meistaraflokkar karla og kvenna í blaki tóku þátt í Norður-Evrópukeppni og meistaraflokkur karla í handknattleik tók þátt í Evrópukeppni félagsliða. Mikil uppbygging er í félaginu og eiga margar deildir orðið landsliðfólk í yngri landsliðum. Blakdeild Aftureldingar hélt Mosöld, öldungamót í apríl. Blakdeildin á skilið mikið hrós fyrir framkvæmd og skipulag.

Á liðnu starfsári hlutu þau Thelma Dögg Grétarsdóttir og Guðmundur Ágúst Thoroddsen sæmdarheitið íþróttamaður og íþróttakona Aftureldingar. Thelma Dögg og Guðmundur Ágúst hlutu einnig sæmdarheitið íþróttakona og íþróttamaður Mosfellsbæjar. Thelma var valin blakkona Blaksambands Íslands og Taekwondo kona Aftureldingar María Guðrún var valin Taekwondo kona Íslands.

4. Ársreikningar 2016

Fundarstjóri kynnir Birnu Kristínu, gjaldkera aðalstjórnar í pontu og leggur til að spurningar og umræða um ársreikninga, skýrslu og frjárhagsáætlun fari fram þegar lestur þessara liða er lokið. Birna Kristín Jónsdóttir, gjaldkeri aðalstjórnar, kynnti ársreikninga félagsins sem birtir eru í ársskýrslu þess. Niðurstöðutölur eru:

Rekstrartekjur	259.741.747
Rekstrargjöld	258.829.605
Hagnaður án fjármagnslið	912.142
Fjármunartekjur og fjármagnsgjöld	158.587
Hagnaður	1.070.729

Efnahagsreikningur:

Eignir samtals	21.178.198
Skuldir og eigið fé	21.178.198

Birna bendir á að liðurinn skammtímaskuldir segi til um ógreiddan lífeyrissjóð uppá kr. 856.751 og sé vegna skuldastöðu um áramót.

5. Fjárhagsáætlun 2018 – Fundarstjóri kynnrir Jón Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóra félagsins sem kynnti fjárhagsáætlun aðalstjórnar. Örstutt farið yfir áætlun liðins ár áður en fjárhagsáætlun 2018 er kynnt. Gert er ráð fyrir tekjum upp á kr. 272.277.081 og gjöldum upp á kr. 271.592.081. Útskýrir auknar verktakagreiðslur vegna komandi breytinga á skrifstofu. Fjárhagsáætlun er birt í ársskýrslu félagsins sem lá frammi á fundinum. Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar.

Fundarstjórar opnar umræðu um ársreikninga og fjárhagsáætlun.

Jóhannes Jónsson kemur í pontu.

Spyr um ársreikning, skýringar með einstökum liðum eru ekki með ársreikningum.

Spurt er um útskýringu á verktakagreiðslum í mfl. kvenna í knattspyrnu og mfl karla í handknattleik. Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn eru reglur frá 2013 um laun og verktakagreiðslur fyrir leikmenn og þjálfara. Í þeim reglum frá ríkisskattstjóra kemur skýrt fram með verktaka og launagreiðslur að það eigi að teljast til algjörar undantekningar að þjálfurum séu greiddar verktakagreiðslur og það eigi aldrei að gerast að leikmönnum séu greiddar verktaka greiðslur. Viðkomandi bendir á að einungis fjórar deildir séu með þetta í fullkomnu lagi en tvær deildir hafi engan laungatengdan kostnað annað en verktakagreiðslur. Veltir fyrir sér hvers vegna þetta sé, að það sé ekki verið að fara eftir lögum þarna.

Jón framkvæmdarstjóri svarar – Í gegnum tíðina hafa greiðslur á launum til leikmanna og þjálfara hafa eflaust ekki alltaf verið samkvæmt lögum. Aðalstjórn skoðaði þessa umræðu hvort að verktakagreiðslur væru eitthvað sem tíðkaðist. Þegar hann kom til starfa var eitt af verkum aðalstjórnar að skoða hvernig þessum málum væri háttað innan Aftureldingar. Jón talaði við ÍSÍ fyrir rúmu ári síðan. Hann fékk þau svör að árið 2013 hafi verktakagreiðslur innan íþróttabandalaga verið ólöglegar og að málið hefði verið tekið föstum tókum. Tveimur árum eftir lagabreytinga hafi orðið hugafarsbreyting hjá ÍSÍ. Jón Júlíus bendir á að félagið hefði ekki fengið neinar athugasemdir frá ÍSÍ. JJ segist taka þetta mjög alvarlega. Tvær deildir greiða eingöngu verktakagreiðslur.

Skilningur ÍSÍ og Jóns Júlíusar væru sá að þetta væru aukatekjur íþróttamanna fyrir að stunda íþrótt sína sem stunda aðra vinnu.

Jón lokar sinni umræðu með því að þakka ábendinguna, vissulega vilji félagið alltaf gera betur.

Upplýsingum vísað aftur til ÍSÍ og fá svör til baka.

Fyrirverandi gjaldkeri félagsins tekur til máls, en hún vann í fjölda ára við að koma skattamálum félagsins í lag. Segir það ekki rétt að engar ábendingar hefðu komið fram, sjálf lagði hún fram á formannafundi bækinga frá skattstjóra um hvernig bæri að gera þessa hluti. Þá hafi nokkrar deildir harðneitað að taka þátt.

Henni fannst sérstakt að vísa þessu aftur til ÍSÍ þar sem það er greinilegt í reglum skattstjóra hvernig á að gera þetta.

Sigurður Rúnar meðstjórnandi í stjórn stígur í pontu og kynnir sig. Honum finnst vanta í þessa umræðu að innan Aftureldingar séu 10 deildir og 18 ráð. Sem þýðir að 16 ráð séu með þetta í lagi. 77% launagreiðslur er hefðbundnar, 23% sem þarf að skoða og mögulega gera betur. Hann bendir á samkeppnisumhverfi um þjálfara og starfsfólk. Hann segir að reynt sé að lágmarka verktakagreiðslur. Sigurður leggur áherslu á 16 ráð eru með þetta í lagi.

Verkefni nýrrar aðalstjórnar er að marka stefnu í þessum málum. - Skýr stefna tekin í þessum málum.

Reikningar teljast samþykkir með meiri hluta atkvæða - einn á móti

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir á fundinum.

7. Heiðursviðurkenningar

Varaformaður og framkvæmdastjóri afhentu brons- og silfurmerki félagsins

Brons:

Brynja Georgsdóttir	badminton
Einar Friðgeir Björnsson	blak
Guðrún Elva Sveinsdóttir	blak
Jórunn Hafsteinsdóttir	blak
Lilja Guðrún Lange	blak
Susanne Freuler	blak
Guðmundur Birgisson	handknattleikur
Gunnar Guðjónsson	handknattleikur
Anna Hilda Guðbjörnsdóttir	knattspyrna
Halldór Halldórsson	knattspyrna
Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir	knattspyrna
Smári Jóhannsson	sund
Haukur Skúlason	taekwondo
Ágúst Örn Guðmundsson	taekwondo
Ingileif H Leifsdóttir	taekwondo
María Guðrún Sveinbjönsóttir	taekwondo

Silfur:

Finnur Ingimarsson	blak
Hafdís Hrönn Björnsdóttir	blak
Mundína Ásdís Kristinsdóttir	blak
Helena Sveinbjarnadóttir	handknattleikur
Einar Þór Magnússon	knattspyrna
Vilborg Jónsdóttir	aðalstjórn

8 . Kosningar

Fundarstjóri kynnir í pontu Jóhannes. Hann kynnir sig og tilkynnir að hann hafi boðið sig fram í aðalstjórn. En dregur til baka framboðið sitt. Vegna þess að hann starfar hjá ríkisskattstjóra og er sviðsstjóri. Það gengur ekki upp að hann bjóði sig fram í aðalstjórn miðað við þau gögn sem hann hefur og vísar í umræðu um reikninga fyrr í kvöld. Þetta samræmist einfaldlega ekki hans starfi. Jóhannes dregur framboð sitt til baka. En býður fram krafta sína til að laga hlutina.

Fundarstjóri ber upp tilkynningu frá aðalstjórn - öll stjórnin tekur framboð sitt til baka. Félagið ekki með kjörbæra stjórn.

Fundastjóri setur á hlé.

Þar sem ekki er nægt framborð og frestur til framboðs er útrunnin munum við fresta lið a og b.

Núverandi stjórn situr þar til auka aðalfundur verður.

Boða skal til auka aðalfundar með 4 vikna fyrirvara.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnin Helga Jóhannesdóttir og Valdimar L. Friðriksson. Skoðunarmaður deilda var kjörinn Valdimar L. Friðriksson.

9. Önnur mál og ávarp gesta

Fundastjóri gefur þeim Elíasi Níelssyni og Guðmundi J. Tómassyni orðið. Þeir kynna til leiks almenningsdeild Aftureldingar, eða hjóladeild. Þeir hafa fullan hug að því að keppa undir nafni Aftureldingar. Elías telur mikinn áhuga vera hjá unglíngum og „köllum eins og mér“ í bænum. Deildin starfar undir aðalstjórn til að byrja með, til eins árs. Verður tekið aftur fyrir á aðafundi félagsins að ári. Áhyggjur úr sal um aðstöðu og nafn á deildinni. Elías svara því að með samvinnu með World Class og að hjólreiðar stundaðar að mestu leiti úti.

Spurn um unglíngja og börn, hvort að þeir taki við þjálfun þeirra. - já

Fyrst og fremst vilja þeir fara að keppa undir merkjum félags í sveitarfélaginu.

Dagný Kristinsdóttir formaður tekur til máls í framhaldi af umræðu um hjóladeild og kynnir aðkomu aðalstjórnar að þessari deild. Hún leggur áherslu á að þetta sé deild sem falli undir aðalstjórn til að byrja með til að sjá hvernig deildin vex og gangurinn verði. Hún vill einnig benda á að þeir krakkar sem fara á hjólaæfingar eru gjarnan ekki krakkar sem eru í öðrum íþróttum. Þannig að krakkarnir eru ekki að fara frá einni deild.

Hallur Birgisson kemur í pontu. Hann kynnir sig sem fyrrverandi formann mfl. kvenna. Tilkynnir að hann hafi verið að vinna að mfl. kvenna, varðandi skattinn. Hann leggur til að ræða við ÍSÍ og taka í burtu skatta af barna og unglíngja starfi.

Þjálfara sem vinna 200% vinnu miðað við laun, uppeldisstarf við krakka, rugl að skattleggja það. Spyr hvort að skátarnir séu skattaðir.

10. Fundarslit

Fundastjóri þakkar þeim sem tóku þátt í fundinum og fyrir athyglisverðar umræður. Hann þakkar Elíasi sérstaklega fyrir frábært framtak.

Fundarstjóri hvetur stjórn til að boða til auka aðalfundar sem fyrst. Hann bendir félagsmönnum á að ekki geti aðrir setið til hliðar og ætlast til þess að málin leysisist að sjálfu sér. Hann biður fundargesti að hafa velferð félagsins og iðkenda hugfast á næsta aðalfundi um leið og hann sleit fundi kl. 20.